



Úthlutunarreglur Atvinnumálasjóðs Fljótshéraðs

1.gr

Tilgangur styrkjanna er að efla almenna atvinnusköpun og fjölgun starfa í sveitarfélaginu.

2.gr

Umsækjendur geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, og ýmis sérverkefni á vegum sveitafélagsins.

3.gr

Atvinnumálanefnd leggur áherslu á að verkefni sem styrkt verða uppfylli eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

- Verkefni sem efla nýsköpun og þróun í atvinnulífinu.
- Verkefni sem stuðla beint að fjölgun atvinnutækifæra.
- Verkefni sem styðja við menningar- og íþróttatengda ferðaþjónustu.
- Verkefni sem laðað gæti að fjárfestingar í atvinnulífi sveitarfélagsins.

4.gr

Umsækjendur verða að geta sýnt fram á fjárhagslega framtíð verkefnisins og getur styrkur Atvinnumálasjóðs aldrei verið meiri en sem nemur 30% af heildarfjármögnun verkefnisins.

5.gr

Með umsókninni verður að fylgja greinargóð lýsing á verkefninu og með umsóknum um styrki yfir 250.000 skal einnig fylgja með verkáætlun með tímasetningum, ítarleg fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun), markmiðslýsing og upplýsingar um aðstandendur. Krafist er stjórnunarlegra áhrifa í fyrirtækjum sem sjóðurinn leggur til 5.000.000 eða meira í hlutafé.

6.gr

Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis og notkun heimilda ef þarf, sem og öðrum þáttum verkefnisins.

7.gr

Atvinnumálanefnd og styrkþegi gera með sér sérstakan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslu styrks, lokaskýrslu og eftirfylgni. Ónýttar styrkveitingar renna út að 3 mánuðum liðnum frá afgreiðslu styrks og þarf umsækjandi að endurnýja umsókn með skriflegu erindi til atvinnumálafulltrúa innan 6 mánaða, að öðrum kostið þarf að senda inn nýja formlega umsókn ásamt gögnum.



8.gr

Styrkþegi skal skila skriflegri lýsingu (lokaskýrslu) á framkvæmd og árangri verkefnisins. Að öðru leyti ber styrkþega að veita atvinnumálanefnd upplýsingar um framkvæmd verkefnisins þegar og ef eftir því er leitað.

9.gr

Umsóknir þurfa að vera á þar til gerðum eyðublöðum og póststimplaðar eigi síðar en síðasta umsóknardag.

10.gr

Við meðhöndlun umsókna skulu nefndarmenn vinna samkvæmt siðareglum sjóðsins og virða hæfisreglur samkvæmt 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktir um stjórn Fljótshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Samþykkt í Atvinnu- og menningarnefnd 28. október 2019
Staðfest í bæjarstjórn Fljótshéraðs 6. nóvember 2019